

25. ágúst 2010

Afkoma Skipta hf. á fyrri hluta árs 2010

- Sala tímabilsins nam 19,6 milljörðum króna

- Tap Skipta á fyrri hluta árs nam 6 milljónum króna. Tap á sama tímabili árið 2009 var 2.088 milljónir króna.
- Sala nam 19,6 milljörðum króna samanborið við 19,8 milljarða á sama tímabili árið áður sem er 0,6% samdráttur. Innri tekjuvöxtur var 1,3% á milli ára.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 3,7 milljörðum króna samanborið við 4,2 milljarða fyrir sama tímabil 2009. EBITDA hlutfall var 18,9%.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 3,6 milljörðum króna samanborið við 4,2 milljarða á sama tímabili árið áður. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 1,7 milljörðum króna.
- Fjármagnsgjöld voru 1,7 milljarðar króna en þar af nam gengishagnaður 0,6 milljörðum króna.
- Vaxtaberandi skuldir að frádregnum innistæðum (nettó vaxtaberandi skuldir) námu 54,2 milljörðum króna við lok tímabilsins en voru 54,4 milljarðar króna í byrjun ársins og hafa því lækkað um 0,2 milljarð króna á tímabilinu.
- Eigið fé Skipta er 24,5 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall er 21,2%.
- Skipti hafa selt upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT. Gengið var frá sölunni í júlí, og munu áhrifin af sölunni að mestu koma fram á seinni árshelmingi 2010, en þá bókfærast 3,3 milljarða króna söluhagnaður vegna viðskiptanna.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta hf.:

“Það er afar jákvætt að sjá þann viðsnúning sem hefur orðið á afkomu félagsins milli ára en hann skýrist fyrst og fremst af betri niðurstöðu fjármagnsliða. Afkoman nú sýnir hversu traustur undirliggjandi rekstur félagsins er. Skipti hafa selt Sirius IT og mun 3,3 milljarða söluhagnaður bókfærast á seinni hluta ársins. Skipti munu í kjölfar sölunnar greiða skuldir niður hraðar en áætlað var, alls um 8,5 milljarða króna af lánum félagsins. Skipti áttu að auki í lok júní um 16,6 milljarða króna í reiðufé, svo félagið hefur umtalsvert svigrúm til að greiða niður skuldir.”

Helstu niðurstöður í rekstri fyrstu sex mánuði ársins 2010

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2009. Stjórn Skipta hf. hefur samþykkt árshlutareikninginn fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2010.

Rekstur

Salan á fyrri helmingi árs 2010 nam 19.641 m.kr. samanborið við 19.761 m.kr. á sama tímabili árið áður, sem er 0,6% lækkun.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) var 3.743 m.kr. miðað við 4.233 m.kr. á sama tímabili árið áður. EBITDA hlutfallið er nú 18,9% samanborið við 21% á sama tímabili árið áður. Skipti hafa á undanförnum misserum aukið umsvif sín í upplýsingatæknigeiranum en sá markaður skilar að jafnaði lægra EBITDA hlutfalli en fjarskiptageirinn. Á það ber hins vegar að líta að fjárfestingar eru að jafnaði minni í upplýsingatæknigeiranum. Þá á fjarskiptafélag Skipta erlendis ekki fjarskiptanetið sem það rekur þjónustu sína á og er því með lægra EBITDA hlutfall en fjarskiptafélög sem eiga og reka sín eigin fjarskiptanet.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT), án virðisrýrnunar, nam 1.694 m.kr. samanborið við 2.242 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Afskriftir félagsins námu 2.049 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við 1.991 m.kr. fyrir sama tímabil 2009.

Tap samstæðunnar eftir skatta nam 6 m.kr. samanborið við 2.088 m.kr. tap á sama tímabili 2009.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var 3.557 m.kr. yfir tímabilið. Á sama tímabili í fyrra var handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta 4.223 m.kr.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 1.385 m.kr. á tímabilinu en námu 1.435 m.kr. fyrir sama tímabil 2009.

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 115.663 m.kr. 30. júní 2010 og lækkuðu eignir um rúm 4% á tímabilinu eða um 5.035 m.kr.

Eigið fé félagsins nam 24.548 m.kr. í lok fyrri árshelmingis 2010 og eiginfjárlutfall var 21,2%.

Staða og horfur

Skipti hf. hafa selt upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT sem er með starfsemi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Kaupandi var norska upplýsingatæknifyrirtækið Visma. Kaupverð er trúnaðarmál en heildarhagnaður Skipta vegna fjárfestingarinnar í Sirius IT nemur um 5,5 milljörðum króna. Greitt er fyrir hlutinn með reiðufé. Skipti munu í kjölfar sölunnar greiða skuldir niður hraðar en áætlað var, alls um 8,5 milljarða króna af lánum félagsins. Heildarskuldbindingar Skipta (langtímalán, skattskuldbinding, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir) lækka um 11,3 milljarða króna við söluna á Sirius IT en áhrifin munu að mestu koma fram á seinni árshelmingi 2010 en þá bókfærast 3,3 milljarða króna söluhagnaður vegna viðskiptanna.

Í nóvember 2006 stofnaði Skipti Sirius IT, í samvinnu við lykilstjórnendur, til að kaupa þann hluta af starfsemi finnska upplýsingatæknifyrirtækisins TietoEnator sem einkum sinnir opinberum aðilum. Rekstur Sirius hefur gengið vel og fyrirtækið skilað góðri afkomu. Á seinasta ári námu tekjur félagsins 435 milljónum danskra króna, sem nemur um 9,1 milljarði íslenskra króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 66 milljónir danskra króna, um 1,4 milljarðar íslenskra króna. Visma, sem nú kaupir Sirius IT, hefur verið samstarfsaðili fyrirtækisins í þróun lausna fyrir lyfsölumarkað sem hafa gengið afar vel.

Síminn hefur ráðist í umfangsmikla uppbyggingu á Ljósneti Símans sem er bylting fyrir neytendur. Með Ljósnetinu munu yfir 40.000 heimili eiga kost á margföldum Internethraða frá því sem áður var og háskerpu gagnvirkur sjónvarpi, svo fátt eitt sé nefnt. Ljósnetið verður lagt á tveimur árum í hverfi á höfuðborgarsvæðinu og tekur við af Breiðbandinu. Síminn lauk háhraðanetsuppbyggingu Fjarskiptasjóðs og Símans mun fyrr en áætlað var. Samningurinn, sem undirritaður var í byrjun árs 2009, gerði ráð fyrir að um 1800 staðir yrðu tengdir við árslok 2010 en í ágúst höfðu allir staðir verið tengdir með 3G, ADSL eða gervihnattatengingum og fólk af afskekktum svæðum gat í fyrsta sinn nýtt sér háhraðanettengingu. Samhliða háhraðanetsverkefninu hefur Síminn haldið áfram 3G væðingu sinni og nær 3G kerfið nú til rúmlega 90% landsins. Þá hefur mikil þétting orðið á 3G langdrægu kerfi Símans á miðunum í kringum landið sem þýðir að sjómenn geta nú notað Internetið sem væru þeir í landi. Er þetta bylting í fjarskiptum sjómanna á hafinu kringum Ísland. 3G langdrægnin nær allt að 100 km út fyrir strendur Íslands og tekur kerfið við af NMT kerfinu sem verður lokað 1. september. Síminn leggur enn fremur ríka áherslu á stöðugt viðhald og rekstur stærsta og öflugasta GSM kerfis landsins sem nær til yfir 98% þjóðarinnar. Viðskiptavinahópur **Ring**, sem er nýtt vörumerki Símans á farsímamarkaði, stækkar enn en Ring var ýtt úr vör við lok ársins 2009. Ring er sérstaklega sniðið að þörfum ungs fólks sem gerir miklar kröfur um gæði og hagstætt verð. Með Ring vill Síminn einnig koma til móts við þarfir fjölskyldna sem sjá hag sinn í að unglingar og foreldrar þeirra séu innan sama kerfis. Ring nýtir samfélagsmiðla á borð við Facebook mikið í markaðssetningu og hefur sankað að sér "vinum" sem eru nú yfir 30.000 talsins. Síminn hefur lagt aukna áherslu á að selja fjarskiptafyrirtækjum heildsöluaðgang að dreifikerfinu og í upphafi árs var gerður samningur við við Alternu, sem veitir viðskiptavinum farsímaþjónustu á Íslandi í gegnum dreifikerfi Símans. Eftirspurn eftir upplýsingatækniþjónustu

Símans hefur aukist jafnt og þétt síðustu misseri og hefur Síminn, með samningum við stór og öflug fyrirtæki og öryggisvottunum frá Microsoft, Cisco og fleiri viðurkenndum aðilum, stimplað sig inn sem fyrsti valkostur íslenskra fyrirtækja sem sjá hag sinn í að hafa fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu á einum stað. Heildarlaun fyrir fyrirtæki selur Síminn undir nafninu Vist.

Míla hélt áfram að útvísta hluta af starfsemi sinni til samstarfsaðila enda hefur verið afar góð reynsla af þeim breytingum. Míla gerði samstarfssamning við OSI ehf um þjónustu við fjarskiptakerfi Mílu á höfuðborgarsvæðinu. Þessi breyting var sú síðasta í ferli sem hófst fyrir um tveimur árum og felst í því að útvísta hluta þjónustu sem Míla sinnti áður, til öflugra samstarfsaðila um land allt. Vefmyndavélar voru settar upp við gossvæðið við upphaf eldgoss á Fimmvörðuhálsi í mars á þessu ári. Fyrsta vélin var sett upp á Hvolsvelli en svo var vél sett upp á Fimmvörðuhálsi, aðeins nokkrum kílómetrum frá gosstöðinni sjálfri, og á Þórólfsfelli, sem snýr að Þórsmörk. Með þessu var heimsbyggðinni gert kleift að fylgjast með eldgosinu í beinni útsendingu. Heimsóknir á heimasíðu Mílu slógu öll met í kjölfarið og þegar gosi lauk höfðu 8.6 milljónir manna frá flestum löndum heims heimsótt síðuna, síðuflettingar voru komnar í 23 milljónir og var heimasíða Mílu fjölsóttasta heimasíða landsins á þessu tímabili. Míla tók einnig að sér uppsetningu og rekstur vefmyndavéla sem settar voru upp í tengslum við markaðsáttak ríkisstjórnarinnar og ferðaþjónustuaðila „Inspired by Iceland“ sem hrundið var af stað í byrjun sumars.

Umbreyting **SkjásEins** í áskriftarsjónvarp hefur gengið vel á árinu, alls hafa tæplega 27 þúsund heimili prófað að kaupa áskrift að stöðinni frá því að henni var breytt í áskriftarsjónvarp. Tekjur **Skjásins** eru tæplega fjórðungi hærri en á sama tímabili í fyrra þrátt fyrir samdrátt í auglýsingasölu á milli ára. Á fyrri hluta ársins horfðu tæplega 63% Íslendinga á aldrinum 12-49 ára og á SkjáEinn í hverjum mánuði. Mikil áhersla verður lögð á vandaða innlenda og erlenda sjónvarpsdagskrá á seinni hluta ársins en SkjáEinn er nú þegar með tvær leiknar íslenskar sjónvarpsseríur í framleiðslu. Notkun á SkjáBíói og SkjáFrelsi (VOD) náði nýjum hæðum á fyrri hluta ársins, meðalfjöldi pantana á mánuði hefur verið um 345 þúsund talsins. Á fyrri hluta ársins tryggði SkjáEinn sér jafnframt sýningarrétt á öllum helstu golfmótum heimsins og hefur ný sjónvarpsstöð, SkjáGolf, útsendingar með haustinu.

Rekstur **Já** hefur gengið samkvæmt áætlun á fyrri hluta ársins, tekjur tímabilsins drógust saman um tæp 2% frá fyrra ári, vegna færri símtala í 118 og minni auglýsinga í Símaskrána en aukning hefur verið á auglýsingatekjum af Já.is sem er heimsóttur í hverri viku af tæplega 170 þúsund einstökum notendum. Símaskráin kom út í lok maí og hefur dreifing hennar gengið vel. Já hefur á fyrri hluta ársins unnið að nýjum vef, iceland.ja.is, sem mun veita ferðamönnum heildstæðar upplýsingar um alla íslenska þjónustuaðila sem eru skráðir hjá Já sem og gagnvirk kort af landinu, stefnt er að því að prufuútgáfa af vefnum verði tilbúin með haustinu.

Síminn DK leggur áherslu á að styrkja stöðu sína sem fyrsti valkostur á fjarskiptamarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Danmörku. Á fyrri árshelmingi jókst eftirspurn eftir háhraðatengingum og farsímalausnum hjá viðskiptavinum félagsins. Þá var gengið frá rammisamningi við Innkaupastofnun Danmerkur um fjarskiptalausnir fyrir opinberar stofnanir í Danmörku. Þetta er afar mikilvægur áfangi fyrir félagið og opnar möguleika á viðskiptum við opinbera aðila. Sensa, annað dótturfélag Símans tekur þátt í að bjóða þær lausnir sem hér um

ræðir. Alls starfa nú um 75 starfsmenn hjá Símanum DK og eru viðskiptavinir um 6.000 talsins, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki.

Skipti og dótturfélög hafa brugðist við þeim aðstæðum sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi með ýmsum aðgerðum sem allar miða að því ná fram enn betri rekstri félaganna. Þær hagræðingaraðgerðir sem gripið hefur verið til allt frá ársbyrjun 2008 skila sér í rekstrinum eins og sést á árshlutauppgjörinu. Áfram verður ýtrasta aðhaldi beitt í rekstri félaganna innan Skipta.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri, sími 550-6003.

Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs, sími 863-6075.

Um Skipti hf.

Skipti reka fyrirtæki sem starfa einkum á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, á Íslandi og erlendis. Hlutverk Skipta er að sinna sameiginlegri þjónustu fyrirtækjanna á einum stað, með hagræði og sveigjanleika að leiðarljósi. Þannig skapar Skipti stjórnendum og starfsfólki dótturfélaganna svigrúm til þess að einbeita kröftum sínum að því að ná hámarksárangri í krefjandi rekstrarumhverfi. Innan samstæðunnar eru Síminn, Míla, Já, Skjárinn, Sensa, Tæknivörur, Staki, On-Waves og Radiomiðun. Erendis rekur Skipti fjarskiptafélagið Síminn Danmark í Danmörku.